

Olíudreifing ehf  
Hólmaslóð 8 - 10  
101 Reykjavík

26. janúar 2026  
UOS2501584/S.H.J.

## Efni: Reglubundið eftirlit þann 8. október 2025 – ID 114

Þann 8. október 2025 fór fram vettvangsskoðun vegna reglubundins eftirlits í olíbirgðastöð Olíudreifingar ehf., Krossanesi á Akureyri. Þann 9. desember 2025 var farið yfir fyrirbyggjand gögn vegna reglubundins eftirlits með stöðinni. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

### Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar:

1. Að minnsta kosti árlega skal rekstraraðili mæla virkni gufuendurnýtingarbúnaðar, sbr. gr. 4.2. í starfsleyfi. Umhverfis- og orkustofnun hefur ekki borist niðurstöður mælinga á virkni búnaðarins árið 2025. Niðurstöður mælinga ársins 2025 bárust í janúar 2026.

### Tvö frávík komu fram er varða:

1. Gr. 4.3 í starfsleyfi. Niðurgrafnar olíulagnir og allar löndunarlagnir og löndunarbarka skal þrýstiprófa á 5 ára fresti. Niðurstöður mælinga skulu færðar í rekstrarhandbók og skilað til Umhverfisstofnunnar. Niðurstöðum vegna þrýstiprófana var síðast skilað til Umhverfis- og orkustofnunnar árið 2018. Niðurstöður þrýstiprófana sem fram fóru árið 2023 bárust að eftirliti loknu og því er **fráviki lokað**.
2. Gr. 4.2 í starfsleyfi. Að minnsta kosti árlega skal rekstraraðili mæla virkni gufuendurnýtiarbúnaðar. Umhverfis- og orkustofnun hefur ekki borist niðurstöður mælinga á virkni búnaðarins árið 2024. Niðurstöður mælinga bárust að eftirliti loknu og því er **fráviki lokað**.

Virðingarfyllst,

*Stella Hrönn Jóhannsdóttir*

Teymi eftirlits

*Sigríður Magnúsdóttir*

Teymi eftirlits